

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 17. júlí 2023  
UST202305-368/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Leynir – Rangárþing ytra**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 31. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Leynir í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram tillagan gerir ráð fyrir fjórum frístundalóðum og landbúnaðarlóð. Auk þess segir að innan hvernar frístundalóðar er heimilt að byggja allt að 120 m<sup>2</sup> frístundahús, allt að 50 m<sup>2</sup> gestahús og allt að 40 m<sup>2</sup> geymslu.

Einnig segir að á landbúnaðarlóðinni er heimilt að byggja 200 m<sup>2</sup> íbúðarhús með bílskúr, allt að 50 m<sup>2</sup> gestahús og allt að 40 m<sup>2</sup> geymslu. Gerður er byggíngareitur umhverfis fjárhús/útihús. Heimilt er að rífa hús og byggja nýtt og/eða endurbyggja núverandi hús og stækka það. Heildarstærð getur verið allt að 900 m<sup>2</sup>.

### **Þjósárhraun**

Í greinargerð segir að skipulagssvæðið er algróið en grunnt er niður á hraun. Umhverfisstofnun bendir á að Þjósárhraunið nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess verndaðar séu sjáanlegar jarðmyndanir í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Rakel Sæmundsdóttir  
**sérfræðingur**